

Skrifstofa stjórnunar og umbóta, fjs@fjs.is

Kópavogi, 7. október 2020

Efni: Áform Fjármála- og efnahagsráðuneytisins um stafrænt pósthólf, sbr. mál nr. 196/2020 í samráðsgátt stjórnvalda.

Vísað er til rafræns bréfs sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda, dags. 24. september 2020 þar sem fram kemur að fyrirhugað er að setja heildarlög um samskiptaleið stjórnvalda við einstaklinga í formi stafrænna samskipta. Miðað við örar tækniframfarir síðustu ára telur stofnunin að löngu sé orðið tímabært að sett verði heildarlög sem stuðli að því að stofnanir ríkisins geti orðið skilvirkari og pappírslaus. Réttaráhrifin af því að veita rafrænum bréfum og öðrum skjölum stofnana sama gildi og pappírbréfum yrðu umtalsverð í formi sparnaðar, bæði lagalegum og efnahagslegum ásamt umtalsverðum vinnusparnaði fyrir starfsmenn ríkisins.


Í því samhengi má benda á að stjórnarsýslulögin nr. 37/1997 eru komin nokkuð til ára sinna og hafa þ.a.l. ekki haldið í við þær tækniframfarir sem hafa orðið. Aðilar stjórnarsýslumáls eiga að njóta sömu réttinda, sama öryggis og hafa að öllu leyti sambærilega stöðu hvort heldur sem mál er rekið á stafrænan hátt eða samkvæmt hinum hefðbundnu pappírs leiðum. Meginreglan er í dag pappír og bréf með undantekningum. Réttarreglur stjórnarsýslunnar, bæði settar og venjuhelgaðar, taka óhjákvæmilega mið af þeim aðferðum í stjórnarsýslunni sem hingað til hafa tíðkast. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. stjórnarsýslulaga og almennum jafnræðisrökum er ekki heimilt að skylda aðila máls til þess að nýta sér rafræn samskipti við stjórnvöld nema að sérlæg kveði á um annað. Þannig er t.a.m. ekki heimilt að skylda umsækjendur til þess að skila umsóknum sínum á rafrænu formi né að niðurstöðu mála þeirra sé svarað rafrænt. Frávik frá þeirri reglu, þ.e. ef gera á aðila máls skylt að eiga rafræn samskipti við stjórnvöld, verða því að byggjast á sérákvæðum í lögum sem með þessu frumvarpi gæti nú orðið að veruleika og fagnar stofnunin því áformunum.

Stofnunin telur að lagafrumvarpið gæti stuðlað að betra samstarfi á milli stofnana ríkisins og orðið til þess að stjórnarsýslumál yrðu afgreidd þeim mun betur og hraðar sem kæmi sér vel fyrir umsækjendur og skjólstæðinga ríkisstofnana.

Rétt þykir að benda á að það þarf sérstaklega að huga að einstaklingum sem eiga tiltekin réttindi hér á landi, t.d. rétt til lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar en geta ekki útvegað sér rafræn skilríki. Má sem dæmi nefna þá sem eru erlendis búsettir. Þessir einstaklingar geta átt kennitölu frá því réttindi stofnuðust hér á landi. Stofnunin hefur orðið vör við það að þessi hópur hefur átt í vandræðum með að afla sér rafrænna skilríkja eða íslykils.

Að lokum vill Tryggingastofnun ítreka að áform um frumvarp að stafrænu pósthólfi er mikið framfaraskref og standa vonir til að setning þess geti gengið sem hraðast fyrir sig.

Virðingarfyllt,


Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri